

REGLUGERÐ

um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs.

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að umbúðaúrgangur hafi sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið. Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að draga úr því magni umbúða sem er fargað, að minnka heildarrúmmál umbúða, að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og að stuðla að endurnotkun umbúða og endurnýtingu umbúðaúrgangs.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til allra umbúða sem settar hafa verið á markað og alls umbúðaúrgangs, hvort sem hann er notaður í eða kemur frá iðnaði og annarri vöruframleiðslu, skrifstofum, verslunum, þjónustufyrirtækjum, heimilum eða annars staðar frá, án tillits til þess úr hvaða efni umbúðirnar eru, nema sérlög eigi við.

Reglugerð þessi er sett með fyrirvara um gildandi gæðakröfur fyrir umbúðir, svo sem þær sem varða öryggi, hollustu og heilnæmi vöru í umbúðum, með fyrirvara um gildandi flutningskröfur og með fyrirvara um kröfur vegna spilliefnaörgunar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Umbúðir: allar vörur sem framleiddar eru, úr hvaða efni sem er og af hvaða gerð sem er, til að halda utan um vöru, vernda hana, meðhöndla, flytja, afhenda og kynna hana, hvort sem um er að ræða hráefni eða fullunna vöru, á öllum stigum frá framleiðanda til endanlegs notanda. Einnota hlutir sem eru notaðir í sama tilgangi skulu einnig teljast til umbúða. Undir umbúðir falla aðeins:

a) söluumbúðir eða grunnumbúðir (fyrsta stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær sölueningu fyrir endanlegan notanda eða neytanda;

b) safnumbúðir (annars stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda sölueninga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til endanlegs notanda eða neytanda eða aðeins notaðar við geymslu í hillum á sölustað. Hægt er að fjarlægja vöruna úr þeim án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar;

c) flutningsumbúðir (þriðja stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að þær auðvelda meðferð og flutning tiltekins fjölda sölueninga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón á vörunni við meðferð hennar og flutning. Gámar til vöruflutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða.

Skilgreiningin á umbúðum skal byggð á eftirfarandi viðmiðunum. Hlutirnir sem eru skráðir í IV. viðauka eru dæmi til skýringar á notkun þessara viðmiðana.

i. Hlutir skulu teljast til umbúða ef þeir standast framangreinda skilgreiningu með fyrirvara um annars konar hlutverk sem umbúðirnar geta gegnt, nema hluturinn sé óaðskiljanlegur hluti framleiðsluvörunnar og sé nauðsynlegur til að geyma, styðja eða varðveita vöruna á endingartíma hennar og allir þættir séu ætlaðir til notkunar, neyslu eða förgunar á sama tíma.

ii. Hlutir, sem eru hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu, og einnota hlutir, sem eru seldir, fylltir eða hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu, skulu teljast til umbúða að því tilskildu að þeir þjóni hlutverki umbúða.

iii. Efnisþættir umbúða og viðbótarþættir sem eru felldir inn í umbúðir teljast vera hluti af þeim.

Umbúðaúrgangur: allar umbúðir eða umbúðahráefni sem fjallað er um í viðauka 18 í mengunarvarnareglugerð, að undanskildum framleiðsluleifum.

Meðhöndlun umbúðaúrgangs: meðhöndlun úrgangs eins og hún er skilgreind í mengunarvarnareglugerð.

Að koma í veg fyrir: að minnka magn og draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum af völdum efna sem finnast í umbúðunum sjálfum og umbúðaúrgangi á framleiðslustigi og á meðan umbúðir eru markaðssettar, þeim er dreift, þær notaðar og þeim síðan fargað, sérstaklega með því að þróa „hreinni“ tækni og „hreinar“ vörur.

Endurnotkun: allar aðgerðir þar sem umbúðir, sem eru hannaðar þannig að unnt sé að nota þær að minnsta kosti nokkrum sinnum á endingarferli þeirra, eru enduráfyltar eða notaðar í sama tilgangi og áður, með eða án aukaafurða sem til eru á markaðinum og gera það kleift að enduráfylla umbúðirnar. Slíkar umbúðir verða að umbúðaúrgangi þegar ekki er lengur hægt að endurnota þær.

Endurnýting: allar aðgerðir sem leitt gætu til nýtingar, sbr. viðauka II-B, í 18. viðauka í mengunarvarnareglugerð.

Endurvinnsla: endurframleiðsla úrgangsefna til upprunalegra eða annarra nota, þar með talin lífræn endurvinnsla en ekki orkuvinnsla.

Orkuvinnsla: notkun brennanlegs umbúðaúrgangs til að framleiða orku beint við brennslu með eða án annars úrgangs en með nýtingu varmans.

Lífræn endurvinnsla: loftháð meðferð (mylting) eða loftfirrt meðferð (gasmyndun) samkvæmt tiltekinni áætlun og með aðstoð örvera á þeim hluta umbúðaúrgangs sem brotnar niður í stöðug lífræn efni eða metan. Urðun úrgangs telst ekki lífræn endurvinnsla.

Förgun: allar aðgerðir sem kveðið er á um í viðauka II-A, í 18. viðauka í mengunarvarnareglugerð.

Upplýsingaskyldir aðilar: í tengslum við umbúðir er um að ræða birgja umbúðaeftna, þá sem framleiða umbúðir eða vinna úr þeim, þá sem fylla á umbúðir og nota þær, þá sem flytja þær inn, versla með þær eða dreifa þeim, opinberar stofnanir og ýmis samtök er málið varðar.

Samsettar umbúðir: umbúðir sem settar eru saman úr mismunandi efnum og ekki er unnt að taka í sundur með handafli.

Notkun af ásettu ráði: þegar efni er notað af ásettu ráði í umbúðir eða hluta umbúða í því skyni að búa til lokaafurð með tiltekna eiginleika, útlit eða af tilteknum gæðum. Það telst ekki notkun af ásettu ráði þegar endurunnin efni, sem innihalda ef til vill að hluta þá málma sem tilgreindir eru í 6. gr. reglugerðar þessarar, eru hráefni í framleiðslu nýrra umbúða.

II. KAFLI

Um umbúðir.

4. gr.

Grunnkröfur.

Eftir 1. júlí 1999 má aðeins setja á markað umbúðir sem eru í samræmi við allar kröfur sem kveðið er á um í reglugerð þessari, þ.m.t. grunnkröfur í I. viðauka þessarar reglugerðar um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun og endurnýtingu þeirra.

5. gr.

Auðkenningarkerfi

Til að greiða fyrir söfnun, endurnotkun og endurnýtingu umbúða og umbúðaúrgangs, þar með talið endurvinnslu, er heimilt að tilgreina úr hverju umbúðaeftni/-efnin eru gerð til að hægt sé að greina þau og flokka. Skulu merkingar þá vera í samræmi við auðkenningarkerfi í viðauka II. Ekki er heimilt að nota önnur auðkenningarkerfi.

Ef notað er auðkenningarkerfi umbúða, sbr. viðauka II, skal auðkenna plast með tölunum 1-19, 20-39 fyrir pappír og pappa, 40-49 fyrir málma, 50-59 fyrir við, 60-69 fyrir textílefni, 70-79 fyrir gler og 80-99 fyrir samsett efni. Í auðkenningarkerfinu má einnig nota viðurkenndar skammstafanir fyrir viðeigandi efni innan hvers flokks fyrir sig og aðeins skal nota hástafi í þeim tilvikum. Umbúðirnar skulu merktar á viðeigandi hátt, annaðhvort á umbúðirnar sjálfar eða á merkimiða sem á þær er festur. Merkingarnar skulu vera auglýsingar og auðlæsilegar. Merkingarnar á umbúðunum skulu vera endingargóðar og greinilegar eftir að umbúðirnar eru opnaðar.

III. KAFLI

Markmið.

6. gr.

Styrkur þungmálma í umbúðum.

Samanlagður heildarstyrkur blýs, kadmíums, kvikasilfurs og sexgilds króms í umbúðum skal ekki fara yfir 100 ppm miðað við þyngd. Einungis er heimilt að fara yfir styrkleikamörkin fyrir umbúðafni ef endurunnum efnum hafi verið bætt í.

Óheimilt er að nota af ásettu ráði blý, kadmíum, kvikasilfur eða sexgilt króm við framleiðslu umbúða.

Styrkur sem um getur í 1. mgr. skal ekki gilda um umbúðir sem eru eingöngu úr blýkristallsgleri samanber reglur um samsetningu, framleiðslueiginleika og merkingu á kristallsgleri.

Ef meðalstyrkur þungmálma fer tólf mánuði í röð yfir styrkleikamörkin 200 ppm miðað við þyngd þegar tekin eru mánaðarleg sýni úr framleiðslunni úr hverjum glerofni og framleiðslan er dæmigerð fyrir eðlilega og reglulega framleiðslustarfsemi, skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans taka sama og senda skýrslu til Umhverfisstofnunar þegar vara er framleidd hér á landi eða markaðssett hér á landi í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu. Í skýrslunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- | | |
|----|---|
| a. | Mæligildi. |
| b. | Lýsing á mæliaðferðunum sem notaðar voru. |
| c. | Hver sé líklegur uppruni þeirra þungmálma sem mælist í þessum styrk. |
| d. | Lýsing á ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að draga úr styrk þungmálma. |

Ef hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans hafa fast aðsetur á Evrópska efnahagssvæðinu skal innflytjandi sem markaðssettur vörna hér á landi sbr. 4. mgr. taka saman og senda skýrslu skv. 4. gr. til Umhverfisstofnunar ef varan er markaðssett hér á landi í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum um mæliniðurstöður frá framleiðslustöðum og um þær mæliaðferðir sem notaðar eru þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr.

7. gr.

Minnkun umbúðaúrgangs og endurnotkun umbúða.

Setja skal upp áætlun um hvernig komið verður í veg fyrir myndun umbúðarúrgangs og hvernig umbúðir verði endurnotaðar. Við gerð þessarar áætlunar skal meðal annars taka mið af kröfum um verndun umhverfis og um hreinlæti, um heilbrigði og öryggi neytenda, um verndun gæða, ósvikni og tæknilega eiginleika þeirra þökkðu vara og hráefna sem notuð eru, svo og verndun hugverkaréttar á sviði iðnaðar og viðskipta.

8. gr.

Endurnýting og endurvinnsla umbúðaúrgangs.

Frá 1. júlí 2001 skal minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.

Innan þeirra marka og á sama tíma, og um getur í 1. mgr., skal minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi endurunnið, þar af minnst 15% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi fyrir hverja tegund umbúðaefnis.

Eftir 31. desember 2011 skal minnst 60% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.

Innan þeirra marka og á sama tíma og um getur í 3. mgr., skal að lágmarki ná eftirfarandi markmiðum í endurvinnslu einstakra umbúðaefna í umbúðaúrgangi fyrir hverja tegund umbúðaefnis;

- | | |
|----|---|
| a. | 60% af þyngd fyrir gler |
| b. | 60% af þyngd fyrir pappír og pappa |
| c. | 50% af þyngd fyrir málma |
| d. | 22,5% af þyngd fyrir plast, þar sem eingöngu er tekið mið af plasti sem er endurunnið aftur í plast |
| e. | 15% af þyngd fyrir timbur. |

IV. KAFLI Um upplýsingar.

10. gr.

Upplýsingakerfi.

Umhverfisstofnun, eða aðili sem stofnunin semur við, skal koma upp og varðveita gagnagrunn um umbúðir og umbúðaúrgang. Allir upplýsingaskyldir aðilar sem málið varðar skulu veita Umhverfisstofnun, eða aðila sem stofnunin hefur samið við, áreiðanleg gögn um atvinnugrein sína.

Tillit skal taka til þeirra sérvandamála sem fylgja því fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að útvega ítarleg gögn.

11. gr.

Upplýsingar fyrir notendur umbúða.

Eigi síðar en 1. júlí 1998 skal Umhverfisstofnun veita notendum umbúða, en þar er einkum átt við neytendur, nauðsynlegar upplýsingar um þau skilagjalds-, söfnunar- og endurnýtingarkerfi sem þeir hafa aðgang að, um hvaða þátt þeir geti átt í því að stuðla að endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu umbúða og umbúðaúrgangs, um hvað felst í þeim umbúðamerkingum sem eru á markaðinum og loks um þá þætti í áætlunum um meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs sem koma neytendum við.

V. KAFLI Eftirlit og brot.

12. gr.

Eftirlit.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

13. gr.

Viðurlög.

Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

VI. KAFLI Gildistaka o.fl.

14. gr.

Undanþágur.

Kröfur varðandi framleiðslu umbúða skulu ekki í neinu tilfelli gilda um umbúðir sem notaðar eru fyrir tiltekna vöru fyrir 1. janúar 1995.

Til 31. desember 1999 skal leyfa notkun umbúða sem eru framleiddar fyrir 1. janúar 1995 og eru í samræmi við önnur lög og reglugerðir varðandi umbúðir.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og í samræmi við 7. tölulið XVII. kafla í II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

VIÐAUKI I

I. VIÐAUKI

Grunnkröfur um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun og endurnýtingu þeirra þar með talinni endurvinnslu.**1. Sérstakar kröfur varðandi framleiðslu og samsetningu umbúða.**

Umbúðir skal framleiða þannig að rúmmáli og þyngd umbúðanna sé haldið í því lágmarki sem nægir til að viðhalda því öryggis-, hollustu- og viðurkenningarstigi sem er nauðsynlegt fyrir umbúðavöruna og gagnvart neytendum.

Umbúðir skal hanna, framleiða og markaðssetja þannig að unnt sé að endurnota þær og endurnýta, þar með talið endurvinnna, og halda áhrifum þeirra á umhverfið í lágmarki þegar umbúðaúrgangi eða leifum frá meðhöndlun umbúðaúrgangs er fargað.

Umbúðir skal framleiða þannig að skaðleg efni og önnur hættuleg efni og grunnefni í umbúðunum eða efnisþáttum þeirra séu í lágmarki í útgeislun, ösku eða sigvatni þegar brenna eða urða á umbúðir eða leifar eftir meðhöndlun umbúðaúrgangs.

2. Sérstakar kröfur varðandi möguleika á endurnotkun umbúða.

Eftirfarandi kröfum skal fullnægt samtímis:

efnislegir eiginleikar umbúðanna skulu vera þannig að unnt sé að endurnota umbúðirnar nokkrum sinnum við eðlilegar, fyrirsjáanlegar aðstæður,

mögulegt skal vera að meðhöndla notaðar umbúðir þannig að kröfum um heilsu og öryggi vinnuafls sé fullnægt,

umbúðir skulu fullnægja kröfum um möguleika á endurnýtingu þegar umbúðirnar eru ekki lengur endurnotaðar og teljast því úrgangur.

3. Sérstakar kröfur varðandi möguleika á endurnýtingu umbúða.

a) Endurnýting með endurvinnslu efna.

Umbúðir skal framleiða þannig að unnt sé að endurvinnna ákveðið hlutfall af þyngd efnanna sem eru notuð og gera úr þeim markaðshæfa vöru í samræmi við gildandi staðla bandalagsins. Hlutfallið getur verið mismunandi eftir því úr hvaða efni umbúðirnar eru.

b) Endurnýting með orkuvinnslu.

Umbúðaúrgangur sem er unninn til orkuvinnslu skal hafa lágmarksbrennsluvarma til að ná hámarkshagkvæmni í vinnslu orkunnar.

c) Endurnýting með myltingu.

Umbúðaúrgangur sem er unninn í því skyni að mylta hann skal geta brotnað niður lífrænt að því marki að það hindri ekki sérstaka söfnun og myltingarvinnslu úrgangsins eða moltnun hans.

d) Umbúðir sem geta brotnað lífrænt niður.

Umbúðaúrgangur sem getur brotnað lífrænt niður skal vera unnt að mylta með eðlisfræðilegum, efnafræðilegum eða lífrænum aðferðum þannig að stærstur hluti moltunnar brotni að lokum niður í koldíoxíð, lífmassa og vatn.

VIÐAUKI II

Auðkenningarkerfi.

Auðkenna skal plast með tölunum 1-19, 20-39 fyrir pappír og pappa, 40-49 fyrir málma, 50-59 fyrir við, 60-69 fyrir textílefni, 70-79 fyrir gler og 80-99 fyrir samsett efni. Í auðkenningarkerfinu má einnig nota viðurkenndar skammstafanir fyrir viðeigandi efni innan hvers flokks fyrir sig.

VIÐAUKI III

III. VIÐAUKI

Gagnagrunnur fyrir umbúðir og umbúðaúrgang.

Í gagnagrunnum um umbúðir og umbúðaúrgang skulu vera eftirfarandi gögn í samræmi við töflur 1 til 4.

1. Að því er varðar grunnumbúðir, annars stigs umbúðir og þriðja stigs umbúðir:

a) magn umbúða sem er notað í landinu, flokkað eftir helstu efnum (framleiðsla + innflutningur - útflutningur) (tafla 1);

b) endurnotað magn (tafla 2).

2. Að því er varðar umbúðaúrgang frá heimilum og öðrum:

- a) magn umbúða sem er endurnýtt og fargað í landinu, flokkað eftir helstu efnum (framleiðsla + innflutningur - útflutningur) (tafla 3);
- b) magn endurunnins og magn endurnýttts úrgangs, flokkað eftir helstu efnum(tafla 4).

TAFLA 1

Magn umbúða (grunn-, annars stigs og þriðja stigs umbúða) sem notað er.

	Framleitt magn í tonnum	- Útflutt magn í tonnum	+ Innflutt magn í tonnum	= Samtals
Gler				
Plas				
Pappír/pappi (þ.m.t. samsetningar)				
Málmur				
Viður				
Annað				
Samtals				

TAFLA 2

Magn umbúða (grunn-, annars stigs og þriðja stigs umbúða) sem notað er.

	Magn notaðra umbúða í tonnum	<u>Endurnotaðar umbúðir</u> Tonn Hlutfall
--	------------------------------	--

Gler

Plas

Pappír/pappi (þ.m.t. samsetningar)

Málmur

Viður

Annað

Samtals

TAFLA 3

Magn umbúðaúrgangs sem er endurnýtt eða fargað.

	Framleitt magn úrgangs í tonnum	- Útflutt magn úrgangs í tonnum	+ Innflutt magn úrgangs í tonnum	= Samtals
Úrgangur frá heimilum				
Glerumbúðir				
Plastumbúðir				
Pappírs-/pappaumbúðir				
Samsettar pappaumbúðir				
Málmumbúðir				
Viðarumbúðir				
Heildarúrgangur frá heimilum				
Úrgangur frá öðrum en heimilum				
Glerumbúðir				
Plastumbúðir				
Pappírs-/pappaumbúðir				
Samsettar pappaumbúðir				
Málmumbúðir				
Viðarumbúðir				
Heildarúrgangur frá öðrum en heimilum				

TAFLA 4

Magn umbúðaúrgangs sem er endurunnið eða endurnýtt.

	Heildarmagn sem er endurnýtt eða fargað í tonnum	Endurunnið magn Tonn Hlutfall	Endurnýtt magn Tonn Hlutfall
Úrgangur frá heimilum			
Glerumbúðir			
Plastumbúðir			
Pappírs-/pappaumbúðir			
Samsettar pappaumbúðir			
Málmumbúðir			
Viðarumbúðir			
Heildarúrgangurfrá heimilum			
Úrgangur frá öðrum en heimilum			
Glerumbúðir			
Plastumbúðir			
Pappírs-/pappaumbúðir			
Samsettar pappaumbúðir			
Málmumbúðir			
Viðarumbúðir			
Heildarúrgangur frá öðrum en heimilum			

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.